

Friðrik Theodórsson

+ Friðrik Theodórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri og tónlistarmaður, fæddist í Reykjavík 7. febrúar 1937. Hann lést 28. mars 2014.

Foreldrar hans voru Sigríður Margrét Helgadóttir, húsfreyja og umboðsmaður DAS, f. 1910, d. 1977 og Theodór Gíslason, hafnarsögumaður, f. 1907, d. 1986. Systkini: Gísli Theodórsson, f. 1930, d. 2001, og Guðbjörg Theodórsdóttir, f. 1943. Friðrik kvæntist Eddu Völvu Eiríksdóttur 1962. Edda Völvu er fædd 1. október 1939 og foreldrar hennar voru Valborg Bentsdóttir, f. 1911, d. 1991, og Eiríkur Baldvinsson, f. 1906, d. 2004. Börn Friðriks og Eddu Völvu eru Hildur, f. 1962, Hrefna, f. 1965, og Halla Rún, f. 1972. Maki



Hildar er Jóhannes Albert Sævarsson, f. 1962, og börn þeirra eru Hrunn, f. 1992, Friðrik Húni, f. 2001, og Kári Hrafn, f. 2003. Maki Hrefnu er Hörður Sigurðarson, f. 1962. Dóttir Hrefnu er Eyrún Eggertsdóttir, f. 1982, maki hennar er Þorsteinn Otti Jónsson, f. 1980, og börn þeirra eru Jökull Otti, f. 2007, og Bjartur Otti, f. 2010. Maki Höllu Rúnar er Jón Benoný Reynisson, f. 1961.

Friðrik lauk prófi frá Verslunarskóla Íslands 1955 og fór þá að starfa hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Árið 1958 fór hann á þeirra vegum til Bandaríkjanna og vann í þrjú ár við að setja á fót og reka fiskvinnsluverksmiðju. Í Bandaríkjunum tók Friðrik einkaflugmannspróf og eignaðist hann síðar hlut í

flugfél. Eftir heimkomu hóf Friðrik störf hjá Rolf Johansen & Co. Þar var hann framkvæmdastjóri mestan hluta starfsævinnar að undanskildum rúmum sjó árum sem Friðrik starfaði hjá Loftleiðum, fyrst sem sölustjóri hótels og síðar sem deildarstjóri fraktdeildar. Árið 1970 tók hann þátt í að stofna Cargolux í Lúxemborg. Friðrik var þekktur tónlistarmaður. Hann spilaði á kontrabassa í mörg ár og síðar á básúnu. Þá söng hann einnig og brá oft fyrir sig skattsöng. Friðrik kom víða við í tónlist og spilaði með fjölmörgum hljómsveitum. Þegar hann lést spilaði hann með Lúðrasveit Reykjavíkur og Stór-sveit ödlinga. Friðrik sat lengi í framkvæmdastjórn Jazzvakningar. Hann var í stjórn Jazzháttóar Reykjavíkur frá upphafi og framkvæmdastjóri hátíðarinnar frá 1999 til 2005. Friðrik var heiðraður sérstaklega á Jazzháttó Reykjavíkur 2013 og var sá fyrsti sem hlaut þá viðurkenningu. Þá var Friðrik í stjórn jazzdeildar FÍH í fjölmörgum árum og hélt úti öflugri fréttaveitu um jazzviðbúri.

Útför Friðriks fer fram frá Hallgrímskirkju í dag, 11. apríl 2014, kl. 13.

Gat verið snöggur upp á lagið en hafði gott hjartalag og vildi öllum vel.

Ég sá Friðrik Theodórsson síðast í fimmtugsafmælinu mínu í janúar. Þar var hann mættur, að vanda með blik í auga og bros á vör, og óskaði hlýtt og innilega til hamingju með þéttu handtaki og faðmlagi. Fyrst hitti ég hann aftur á móti 34 árum fyrr á veitingastaðnum Esjubergi á Hótel Esju. Mig grunar að það hafi verið í eitt af fyrstu skiptunum sem ég kom fram opinberlega að spila djass-tónlist. Unglingahljómsveitin Swingbræður fékk að opna fyrir eldri og reyndari menn í Tradkompaníinu þar sem Friðrik spilaði á bassa með bullandi sveiflu. Svo söng hann stókur lag og þegar vel lá á honum brast á með „scat“-söng. Hann kynnti lögin, skemmti áhorfendum, var einhvern veginn allt í öllu og hann tók okkur unglíngunum vel – því hann var þannig maður.

Þegar ég kom heim frá námi tæpum áratug síðar lenti ég í stjórn djassdeildar FÍH og sam-an fórum við Árne heitinn Schev-

ing í að koma á fót djasshátíð í Reykjavík. Þegar kom að því að finna fleiri stjórnarmenn stakk ég strax upp á Frikkla T. Ég vissi sem var að hann hafði fjölþætta reynslu bæði úr viðskiptalífnum og tónlistarlífnum auk ódrepandi áhuga á tónlistinni. Svo var hann vel tengdur, fljótur að hugsa og hvergi banginn. Allt mikilsverðir kostir sem nýttust vel.

Ég held að tónlistin hafi alltaf verið frammarlega, ef ekki fremst, í huga Friðriks þó að lífið hafi ýmist borið hann nær eða fjar henni. Eftir að fór að hægjast um lék hann með Lúðrasveit Reykjavíkur og sömuleiðis með stórsveit eldri félaga FÍH. Þar endaði hann ferlinn í orðanna víðasta skilningi því dauðinn vitjaði hans á stórsveitarstóli með básúnu í hendi. Það velja sér fæstir brottfararmáta og dauðinn er sjaldnast velkomin. Samt verð ég að segja að það er eitthvað passandi við þessa útgöngu Friðriks. Hann kvaddi við þá iðju sem honum var einna kærust og ég get a.m.k. hugsað mér margar verri kveðjuáðstæður en djassæfingu í vinahöpi.

Líklega söng Friðrik Theodórsson ekkert lag oft en „My blue heaven“, að minnsta kosti er það lagið sem ég tengi sterkt við minningu hans. Nú er hann kominn þangað uppeftir og ég veit að þar mun hann hressa upp á mannskapinn með sínu glaðbeitta brosi, eljuni, glettninni og sinni góðu rödd. Spurning hvernig almættið bregst við þegar brestur á með skvildilaða dúba da bíðilaðabop – ég hlakka til að blanda mér í það djamm. Frikki mín, hafðu þökk fyrir allt þitt góða starf í þágu djasstónlistar á Íslandi. Pitt framlag skipti miklu máli.

Sigurður Flosason.

Mér er ljúft og skylt að minnsta vinar og félaga, Friðriks Theodórssonar og þakka áratuga samstarf og vináttu. Hann er kvaddur með miklum söknuði af ástvinum, frændum og vinum. Einnig af stórum hópi fólks sem deildi með honum ást hans á tónlist, einkum djassmúsík.

Strax og Friðrik lauk námi frá Verslunarskólanum hóf hann störf af miklum krafti, og fyrir nútímalega þenjkingu mánu voru víða nýstárlag tækifæri sem kölluðu á nýtt, dugandi fólk. Friðrik var stórhuga og öflugur. Verkefni sem hann tók þátt í fyrsta ára-

tug starfsævinnar voru því af stærri gerð en gengur og gerist. Stofnun fiskréttaverksmiðju í Harrisburg í Bandaríkjunum, stofnun Hótel Loftleida, og stofnun flugfélagsins Cargolux í Lúxemborg. Mjúk landing en annarsamt starf beið hans þegar hann hóf störf sem framkvæmdastjóri hjá fyrirtæki Rolfs Johansen, og þar átti hann farsælan feril í áratugi til starfsloka. Alla tíð starfaði hann að hljóðfæraleik jafnhliða aðalstarfi.

Hvar sem Friðrik Theodórsson drap niður fæti um ævina skildi hann eftir sig spor. Á sjöunda áratugnum bjuggu Friðrik og Edda í Árbæjarhverfi. Þau voru þar ekki lengi, en gamlir Árbæingar tala en um forystu Friðriks í göngustíga- og lóða-framkvæmdum í Árbænum.

Friðrik var ekki einhamur og eljumeinn hans slík að hann á fáa sína líka. Hann var á þann hátt til forystu fallinn að það sem hann vissi að gera þurfti gat hann aldrei látið ógert, eða beðið þess að einhver annar gerði það. Þess nutum við sífellt félagar hans, sem störfuðum með honum, því hann vissi alltaf hvað gera þurfti til þess að mál leystust eða þokuð inn af hendi og laut að rekstri og skipulagningu hljómsveita okkar og samtaka. Skarð hans er svo vandfyllt að manni nánast fallast hendur.

Djassmúsík var og er lífsstíll þeirrar kynslóðar sem nú er kominn á beinu brautina. Friðrik naut þeirra forréttinda ungur að fá djassmúsík beint í æð í Bandaríkjunum og gýðjan sú var ekki svikin af þeim kynnum, því á einn eða annan hátt sinnti hann henni allar göstur síðan. Hljóðfæri hans var í fyrstu kontrabassi en síðar básúna. En hljóðneminn var líka hljóðfæri hans og með hann í höndum átti hann ekki marga jafninga í djassheimi, og var í raun frumkvöðull í skattsöng. Auk góðrar söngvæðingar lagði Friðrik ávallt mikla áherslu á kynningar við tónleikahald og á því sviði var hann snillingur. Framkoman í senn örugg, faguð og gáskafull, enda maðurinn húmoristi svo af bar. Ég á margar minningar um hann þar sem hann fór á kostum.

Það er Friðriki Theodórssyni verðugt að fá þau eftirmæli að þar fór góður maður og vinur. Ávallt reiðubúinn að sjá af tíma sínum og orku í þágu góðra mál-efna, félaga sinna, vina og samferðamanna.

Í einka- og fjölskyldulífi var Friðrik gæfumaður, enda vakinn og sofinn yfir velferð fjölskyldunnar. Ég votta Eddu Völvu, Hildi, Hrefnu, Höllu Rún og öðrum aðstandendum djúpu samúð.

Sverrir Sveinsson.

Friðrik Theodórsson, eða Frikki básúna eins og við í Lúðrasveit Reykjavíkur þekkjum hann, var virkur meðlimur lúðrasveitarinnar í fjölda mörgum ár. Hann gegndi hinum ýmsu störfum fyrir lúðrasveitina m.a. var hann í ferðanefnd, hann sat í stjórn lúðrasveitarinnar um tíma og var endurskoðandi sveitarinnar.

En Frikki gaf okkur svo margt fleira en bara að sitja í nefndum og stjórn. Hann var yfirleitt kynnrí á tónleikum hjá okkur þar sem hann kom með ýmsan fróðleik í tengslum við hvert lag og tónskáld sem kom við sögu á tónleikum. Peim sem þekkjja Frikkla kemur þetta ekkert á óvart þar sem hann lifði og hræðist í tónlist og er Lúðrasveit Reykjavíkur bara brot í tónlistarsögu Frikkla.

Það var ekki bara á tónleikum sem hann skemmti fólki með ýmsum sögum og fróðleik heldur lét hann ekkert eftir liggja á æfingum. Hann mætti manna fyrstur á æfingar í hverri viku og þurfti mikili til að hann missti af æfingum. Á æfingunum sjálfum sagði hann brandara og ýmsar sögur sem skemmtu okkur samspilurum hans ávallt.

Friðrik var góður félagi okkar og er mikill missir að honum. Hann lét sér antt um alla meðlimi sveitarinnar og lét hvergi sitt eftir liggja. Hann var ákveðinn og áreiðanlegur, auk þess sem hann var gleðigjafi mikill.

Við munum sakna þín mikili, elsku Frikki, og básúndeildin verður ekki söm án þín, kærri vinur og félagi.

Ég vil þakka þér, Frikki, fyrir starf þitt í og fyrir sveitina í gegnum árin.

Með söknuði, fyrir hönd Lúðrasveitar Reykjavíkur, Jóhanna Guðmundsdóttir.

Sumum lætur vel að tala um hluti, mörgum hættir til að færast of mikið í fang, en svo eru það þeir sem ekki gefa drama sína upp á báttinn, eru framkvæmdarmenn; læra að fljúga á miðjum aldri og með elju og þrjúsku þjálfa sig út í eitt í bílskúr til að ná tókum á nýju hljóðfæri; í lífi sínu sönnun þess að aldrei er of seint að breyta út af föstum venjum, leyfa draumum sínum að rætast.

Lúðrahljómsveit Reykjavíkur var einn af föstum punktum Frikkla, annar var Ödlingarnir, sveit eldri eðaldjassara; man Frikkla alltaf á ferð á milli þessara hnita með lúður í tösku, á leið á æfingar eða til að spila á gíggum, jafnvel scattaði hann stundum eða söng á jólaböllum með sinni hrjúfu látúnsrödd. Óbilandi ástríða; djass og brass voru hans súrefni, ekki til heilnæmara loft en það sem dregið var inn um munnvik og blásið út í gegnum hljóðfærið. Frikki flaug um háloft lífsins og blés í básúnu til síðasta dags.

Gott faðmlag fer eftir hjartalagði ekki lengd arma; faðmur Frikkla var víður og hlýr, virkaði eins og bros, bræddi alla þá sem í hann komust.

Eftir að Frikki kvaddi ræddum við feðgar um mannshugann, sem er stærri en alheimurinn, dularfyllri og margbreytilegri. Þar rúmast allt; hugmyndir okkar og hugsanir um hvaðeina. En við dauðann, hvað verður þá um allt það sem hugurinn geymdi, spurðu afastrákarinn. Ósögð orð tapast, óráðnir draumar og óuppfylt langanir einnig; margt lifir samt áfram í minningum og verkum þess látna, en ekki þó sist sá orðstír, hveim er sér góðan getur. Það verðuga úr lífi sérhvers manns á að vera eftirkomendum hvatning til mannbætandi verka, þá var til einhvers lífað. Á þann hátt mun Frikki verða okkur nálægur, minnir okkur á góð gildi, þó svo hann sé nú farinn að leika á básúnu með nýju bandi. Látúns-herinn hefur skápaði honum til sætis nærri godsögnum djassins, spilurum sem Frikki hreifst með þegar hann dvaldi ungur maður í Ameríku; það er alltaf pláss fyrir góðan blásara, nýjan tón.

Jóhannes Albert Sævarsson.

Elsku afi okkar. Við kveðjum þig með miklum söknuði og sorg í hjarta. Þú hefur verið stór hluti af lífi okkar allra og við hefðum ekki getað hugsað okkur að eiga betri afa. Þú varst svo kærleiksrikur og glaður og alltaf til í að syngja, hlæja og segja brandara. Þú varst mikill fjölskyldumaður og traustur, alltaf til staðar ef við þurftum á stuðningi að halda, svo hjálpsamur og greiðvinnur. Við mun-

um öll eftir stóra og hlýja faðmlagin þínu. Þar var líka alltaf svo góð rakspiralykt.

Elsku afi, þú munt alltaf eiga stað í hjarta okkar.

Eyrún Eggertsdóttir, Hrunn Jóhannesdóttir, Friðrik Húni Jóhannesson, Kári Hrafn Jóhannesson.

Friðrik mágur minn féll skyndilega frá 28. mars síðastliðinn.

Við vorum jafnaldrar og þegar andlát hans bar að garði varð mér hverft við og allt í einu fór ég að hugsa um hvað stutt er milli lífs og dauða. Hann kom inn í fjölskylduna fyrir meira en hálfri öld þegar hann kvæntist systur minni. Við systur erum mjög samrýmdar og börnin okkar hafa alltaf verið vinir. Margar góðar minningar koma upp í hugann þegar lítið er til baka. Hann reyndist foreldrum mínum alla tíð góður tengdasonur og hann var einstaklega böngóður maður. Börnin mín minnst Frikkla, sem sérstaklega barngóðs gláðlynds og gjafmilds manns, og þau muna eftir ótal skemmtilegum stundum með honum. Árið 1975 fórum við báðar systurnar til Ítalíu ásamt börnum og mökum, alls tíu manns, og vorum í fjórar vikur, það var mjög gott sumarfrí.

Árið 1994 keyptum við Valborg dóttir mín okkur sumarhús á Stokkseyri, það gerðu Edda og Frikki einnig. Fyrsta verk Frikkla þegar þau komu austur var alltaf að draga íslenska fánann að húni, þá vissum við að þau voru komin. Eftir að við eignuðumst húsin á Stokkseyri voru samverustundirnar okkar ennþá fleiri. Það var grillað og borðað saman, farið í fjóruför, sundlaugaferðir og allt þetta skemmtilega sem sumarhús gefa. Ég og afkomendur mínir eigum eftir að sakna Frikkla og minnst hans oft. Sárastur er þó söknuður hjá Eddu, dætrunum og fjölskyldum þeirra. Megi góðar minningar styrkja ykkur í sorginni.

Silja Sjöfn Eiríksdóttir.

Hann var bráðmúsíkalskur maður. Spilaði á bassa, básúnu og söng. Hann var líka viðskiptamaður, framkvæmdastjóri, athafnaskáld, skemmtanastjóri og skemmtikraftur. Síðast en ekki sist var hann djassmaður. Hann var í stjórn Jazzháttóar Reykjavíkur um árabil og síðar framkvæmdastjóri, hélt úti vefritinu Jazzfréttum, var formaður djassdeildar FÍH, vann að samnorrænum djassmálum, ekki sist með ungmennum, en var líka driffjöður í starfi eldri félaga FÍH. Hann elskaði að spila og syngja, alltaf kátur og kankvís.

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Haraldur Hermannsson frá Yzta-Mói, Fljótnum, Sauðármýri 3, Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki fimmtudaginn 3. apríl. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 19. apríl kl. 11.00. Jarðsett verður að Barði í Fljótnum.

Guðmunda Hermannsdóttir, Sigurhanna Ólafsdóttir, Jóhanna Petra Haraldsdóttir, Jónas Svavarsson, Linda Nína Haraldsdóttir, Lára Gréta Haraldsdóttir, Magnús Sigfússon, Guðrún Haraldsdóttir, Gunnar Björn Ásgeirsson, Stefán Logi Haraldsson, Inga S. Baldursdóttir, Erla Valgarðsdóttir, Eydis Eysteinsdóttir, afabörn, langafabörn og langalangafabarn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓNA JAKOBÍNA ÞORGEIRSDÓTTIR,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar laugardaginn 5. apríl. Útför hennar fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 12. apríl kl. 14.00.

Þorgeir Reynisson, Guðrún Reynisdóttir og fjölskyldur.



+

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

KRISTJÁN ALEXANDERSSON, Kiddi,

lést á hjúkrunardeild HSA á Egilsstöðum fimmtudaginn 3. apríl. Útför fer fram mánudaginn 14. apríl í Egilsstaðarkirkju kl. 14.00. Hjartans þakkir til starfsfólks hjúkrunardeildar HSA, Egilsstöðum, fyrir einstaka umhyggju og hlýhug í okkar garð.

Pórður Kristjánsson, Hrafnkell H. Kristjánsson, Sveinfríður Kristjánsdóttir, Birna Kristjánsdóttir, Alexander Kristjánsson, barnabörn og barnabarnabörn.



+

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HAUKUR ÖNFRJÖRÐ MAGNÚSSON kennari frá Siglufirði,

lést þriðjudaginn 25. mars á Landspítala við Hringbraut. Jarðarför hefur farið fram í kyrripæ að ósk hins látna. Peim sem vilja minnst hans er bent á minningarsjóð um drukknaða sjómenn frá Siglufirði. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki 11E krabbameinsdeildar fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Jóhanna Hauksdóttir, Bára Hauksdóttir, Þylgja Hauksdóttir, Ólafur Magnús Hauksson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Dagný, Sandra, Rósant Máni, Guðbjartur, Anna Þórdís.

